

# Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa!

Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður

Gunnar Helgason, sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs

Helga Ólafs, ritstjóri



---

**Febrúar 2017**

## Útdráttur

Síðustu áratugi hefur fjöldi kannana um stöðu mönnunar í hjúkrun sýnt að stöðugur skortur er á hjúkrunarfræðingum á Íslandi. Samkvæmt greiningu á vinnumarkaði hjúkrunarfræðinga eru einungis 69% þeirra félagsmenn í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og eru um þúsund hjúkrunarfræðingar að starfa við annað en hjúkrun. Mikill meirihluti hjúkrunarfræðinga (98%) eru konur og starfa um 94% þeirra á opinberum vinnumarkaði. Um 13% hjúkrunarfræðinga geta hafið töku lífeyris á næstu árum.

Niðurstaða könnunar á mönnun í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum á Íslandi sýnir að 225 stöðugildi hjúkrunarfræðinga, eða 290 hjúkrunarfræðingar, vantar nú til starfa til að manna fjármögnum stöðugildi hjúkrunarfræðinga á heilbrigðisstofnunum. Meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga á heilbrigðisstofnunum er 71%. Ef tekið er mið af áætlaðri þörf á hjúkrunarfræðingum samkvæmt mati framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarforstjóra vantar allt að 405 stöðugildi, eða 523 hjúkrunarfræðinga til starfa. Á hvert hefja að meðaltali 146 nemendur nám í hjúkrunarfræði og útskrifast að meðaltali 120 þeirra fjórum árum síðar. Brottfall nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga úr starfi er að meðaltali 15% á árunum 2012-16. Að meðaltali hefja því 102 hjúkrunarfræðingar í 72 stöðugildum störf eftir útskrift ár hvert sé tekið mið af meðalstarfshlutfalli. Spá um mönnun í hjúkrun á árunum 2017-21 sýnir að áfram mun vanta um 420 hjúkrunarfræðinga til starfa á næstu árum þar sem nýliðun í hjúkrun mun rétt halda í við þann fjölda sem hefur töku lífeyris á næstu árum. Um varfærna spá er að ræða sem tekur ekki tillit til mögulegrar fjölgunar á hjúkrunarrýmum eða öðrum breytingum sem aukið geta þörf fyrir hjúkrunarfræðinga.

Algengustu byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga eru 359 þúsund krónur fyrir fullt starf og meðaltalsdagvinnulaun hjúkrunarfræðinga eru 526 þúsund krónur. Launamunur á hjúkrunarfræðingum og öðrum stéttum með sambærilega menntun og ábyrgð í starfi hjá hinu opinbera er um 20%.

Ljóst er að fjöldi hjúkrunarfræðinga vantar til starfa á heilbrigðisstofnunum á Íslandi. Til að tryggja næga mönnun í hjúkrun og þar með öryggi sjúklunga og að draga úr dánarlíkum þeirra er nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða hjá hinu opinbera og öðrum heilbrigðisstofnunum. Samkvæmt mannfjöldaspá mun íbúum 60 ára og eldri fjölga umtalsvert á komandi árum og eykur það enn frekar eftirspurn eftir heilbrigðisstarfsfólki.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggur því til að brugðist verði við skorti á hjúkrunarfræðingum með því að veita meira fé til menntunar hjúkrunarfræðinga og hækka laun þeirra til samræmis við aðra opinbera starfsmenn. Þá þarf að leita leiða til að draga úr vinnuálagi og bæta starfsumhverfi til þess að sporna gegn skertu starfshlutfalli hjúkrunarfræðinga sem má rekja til starfsumhverfis, vinnufyrirkomulags, vinnutíma og álags í starfi.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	2
1. Inngangur .....	4
1.2 Skortur á hjúkrunarfræðingum í sögulegu samhengi .....	4
1.3 Skortur á hjúkrunarfræðingum er alþjóðlegt vandamál .....	5
1.4 Hvers vegna er mikilvægt að heilbrigðiskerfið sé mannað af hjúkrunarfræðingum? .....	6
1.5 Gagnaöflun .....	6
2. Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga .....	8
2.1 Fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnualdri .....	8
2.2 Fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnumarkaði .....	9
2.3 Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem fær elli- og örorkulífeyri .....	10
2.4 Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem eru félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands .....	11
2.5 Greining á vinnumarkaði hjúkrunarfræðinga .....	11
2.6 Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem á þess kost að hefja töku lífeyris á næstu árum .....	11
2.7 Nýliðun og nám í hjúkrunarfræði .....	12
3. Könnun á mönnun í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum árið 2016 .....	15
3.1 Svarhlutfall .....	15
3.2 Starfshlutfall hjúkrunarfræðinga .....	15
3.3 Fjöldi setinna stöðugilda miðað við heimilúð stöðugildi .....	16
3.4 Spá um stöðu mönnunar í hjúkrun á árunum 2017-2021 .....	17
4. Laun hjúkrunarfræðinga .....	20
5. Samantekt og lokaorð .....	23
6. Tillögur Fíh til að bregðast við mönnunarvanda hjúkrunarfræðinga .....	25
Viðauki 1. Spurningalisti um mönnun í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum á Íslandi 2016 .....	26
Viðauki 2. Heilbrigðisstofnanir sem tóku þátt í könnun um mönnun í hjúkrun .....	27

## Töfluyfirlit

Tafla 1. Fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnualdri .....	8
Tafla 2. Sundurliðun á fjölda hjúkrunarfræðinga sem taka lífeyri í LH og LSR. ....	10
Tafla 4. Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga frá 2011-2016 .....	13
Tafla 5. Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga er starfa við hjúkrun árið 2016 .....	14
Tafla 6. Svarhlutfall eftir viðsemjendum Fíh .....	15
Tafla 7. Fjöldi hjúkrunarfræðinga, stöðugildi og starfshlutfall eftir viðsemjendum Fíh .....	15
Tafla 8. Mismunur á fjölda setinna og heimilaðra stöðugilda .....	16
Tafla 9. Áætluð þörf fyrir hjúkrunarfræðinga .....	17
Tafla 10. Spá um mönnun í stöður hjúkrunarfræðinga 2017- 2021 .....	18
Tafla 11. Meðaltalslaun hjúkrunarfræðinga eftir heilbrigðisstofnunum ríkisins .....	20
Tafla 12. Dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga og annarra sambærilegra stétta hjá hinu opinbera .....	21
Tafla 13. Dagvinnulaun hefðbundinna háskólamenntaðra kvennastétta innan heilbrigðiskerfisins .....	21
Tafla 14. Meðaltalsdagvinnulaun lækna hjá hinu opinbera .....	22

## Myndayfirlit

Mynd 1. Aldursdreifing hjúkrunarfræðinga .....	8
Mynd 2. Fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnumarkaði .....	9
Mynd 3. Aldursdreifing hjúkrunarfræðinga sem búsettir eru erlendis .....	10
Mynd 4. Hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi .....	11
Mynd 5. Hlutfall hjúkrunarfræðinga á aldrinum 60-69 ára sem byrjaðir eru að taka lífeyri .....	12

## 1. Inngangur

Stjórn og framkvæmdaráð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fih) ákvað haustið 2016 að vinna skýrslu um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga og kanna jafnframt hversu marga hjúkrunarfræðinga vantar til starfa á heilbrigðisstofnunum á Íslandi. Fyrir 10 árum var síðasta könnun gerð á mönnun í hjúkrun og í kjölfarið var skýrslan *Mannekla í hjúkrun* gefin út árið 2007.

Greining á vinnumarkaði hjúkrunarfræðinga í skýrslunni er byggð á lista Embættis landlæknis yfir hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi, upplýsingum úr félagatali Fih, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH) og upplýsingum um fjölda úrskrifaðra hjúkrunarfræðinga úr Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólanum á Akureyri (HA). Niðurstöður um fjölda hjúkrunarfræðinga sem vantar til starfa byggjast á könnun sem fram fór meðal framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarforstjóra á öllum heilbrigðisstofnunum<sup>1</sup> sem höfðu hjúkrunarfræðinga í vinnu í október og nóvember 2016. Upplýsingar um launakjör hjúkrunarfræðinga og annarra stétta er byggð á upplýsingum um meðaltalslaun starfsmanna ríkisins sem finna má á vef fjármálaráðuneytisins.

Markmið skýrslunnar er að;

- varpa ljósi á vinnumarkað hjúkrunarfræðinga
- fá yfirlit yfir mönnun í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum
- kanna hversu marga hjúkrunarfræðinga vantar til starfa
- spá fyrir um stöðu mönnunar í hjúkrun næstu fimm árin, eða fram til ársins 2021
- bera saman kjör hjúkrunarfræðinga við aðra opinbera starfsmenn
- koma með tillögur til úrbóta

### 1.2 Skortur á hjúkrunarfræðingum í sögulegu samhengi

Allt frá árinu 1942 hafa farið fram kannanir til að áætla hve marga hjúkrunarfræðinga vantar til starfa og bera saman við fjölda starfandi hjúkrunarfræðinga. Kannanirnar, sem framkvæmdar hafa verið af Fih og fleiri aðilum, hafa verið gerðar með óreglulega millibili. Niðurstöðurnar eiga það sammerkt að hafa leitt í ljós viðvarandi skort á hjúkrunarfræðingum. Árið 1942 var skortur á hjúkrunarfræðingum um 10% að því er fram kemur í grein Sigríðar Bachmann, „Vöntun á lærðum“, sem birtist í Tímariti hjúkrunarkvenna. Árið 1964 fjallar Sigmundur Magnússon læknir um hjúkrunarkvennaskortinn og leiðir til úrbóta í Tímariti Hjúkrunarfélags Íslands. Þar kemur fram að um 85% af nauðsynlegum stöðum hafi verið skipaðar samkvæmt upplýsingum sem sjúkrahúsmálanefnd Læknafélags Reykjavíkur tók saman.

1 Heilbrigðisstofnun er stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt. Í þessari skýrslu eru hugtakið notað yfir sjúkrahús, heilsugæslu, heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, endurhæfingarstofnanir, vímuefnaeðferðarstofnanir og hjúkrunarheimili sem fjármögnuð eru með opinberu fé.

Umræða um skort á hjúkrunarfræðingum í kringum 1970 leiddi meðal annars til breytinga í menntunarmálum hjúkrunarfræðinga og í kjölfarið til stofnunar námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands árið 1973. Tíu árum síðar var skortur á hjúkrunarfræðingum enn um 15% að því er fram kemur í könnunum sem Hjúkrunarfélag Íslands framkvæmdi á árunum 1983 og 1984. Í niðurstöðum könnunar Landlæknisembættisins frá 1985 kemur fram nokkur munur á hve mörg stöðugildi hjúkrunarfræðinga vantaði eftir tegund stofnana og deilda. Á deildaskiptum sjúkrahúsum voru 83% stöðugilda setin<sup>2</sup> til samanburðar við 63% á geðdeildum. Flest stöðugildi voru setin á heilsugæslustöðvum, eða 95% heimilaðra stöðugilda<sup>3</sup>. Árið 1992 var skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum 18% miðað við heimiluð eða áætluð<sup>4</sup> stöðugildi að því er fram kom í könnun Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. Mest skorti hjúkrunarfræðinga á öldrunarstofnunum, eða 28,4%, en minnst á heilsugæslustöðvum, eða 11,8%. Samþæringar niðurstöður komu fram í könnun Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 1998 en þá skorti að meðaltali 14,1% hjúkrunarfræðinga til starfa. Líkt og í fyrri könnunum skorti hjúkrunarfræðinga í um fjórðung stöðugilda á öldrunarstofnunum og tæp 7% á heilsugæslustöðvum.

Niðurstöður kannana undanfarin 75 ár hafa leitt í ljós stöðugan skort á hjúkrunarfræðingum, eða um 20%. Í könnun á manneklu í hjúkrun, sem gerð var árið 2007, var meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga rúmlega 76%. Þá kom í ljós að það vantaði í meira en tuttugu af hverjum hundrað stöðugildum á heilbrigðisstofnunum og því var talið að það vantaði um 582 hjúkrunarfræðinga til starfa á Íslandi að teknu tilliti til meðalstarfshlutfalls hjúkrunarfræðinga. Í sömu könnun var spáð að heildarskortur á stöðugildum hjúkrunarfræðinga yrði 573 árið 2015.

### 1.3 Skortur á hjúkrunarfræðingum er alþjóðlegt vandamál

Skortur á hjúkrunarfræðingum er ekki eingöngu bundinn við Ísland, heldur er skortur á hjúkrunarfræðingum alþjóðlegt vandamál. Samkvæmt skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er mjög alvarlegur skortur á hjúkrunarfræðingum og öðru heilbrigðisstarfsfólki í heiminum og fer aldur þessa starfsfólks hækkandi og nýliðun er ekki nægjanlega mikil. Árið 2035 er áætlað að skorturinn á hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og læknum í heiminum verði 12,9 milljónir manna<sup>5</sup>. Í skýrslu OECD „Health at a glance 2015“<sup>6</sup> er því haldið fram að á Íslandi sé fjöldi hjúkrunarfræðinga á hverja 1000 íbúa með því hæsta sem gerist innan þeirra landa sem OECD tekur út. Þar kemur fram að 15,5 hjúkrunarfræðingar séu fyrir hverja 1000 íbúa. Sú tala er ekki rétt þar sem ljósmæður og sjúkraliðar eru með í útreikningnum. Þegar ljósmæður og sjúkraliðar eru teknir frá kemur í ljós að níu hjúkrunarfræðingar eru á hverja 1000 íbúa á Íslandi, eða rétt undir meðaltali

2 Setin stöðugildi er sá fjöldi stöðugilda sem hjúkrunarfræðingar eru ráðnir í á stofnuninni.

3 Heimiluð stöðugildi eru þau stöðugildi sem viðkomandi stofnun hefur fjármagn fyrir.

4 Áætluð stöðugildi eru þau stöðugildi sem yfirmenn hjúkrunar á viðkomandi stofnun telja að þurfi til að mæta hjúkrunarþörf sjúklinga sem þurfa hjúkrun á stofnuninni.

5 Sjá á [http://www.who.int/workforcealliance/knowledge/resources/GHWA-a\\_universal\\_truth\\_report.pdf?ua=1](http://www.who.int/workforcealliance/knowledge/resources/GHWA-a_universal_truth_report.pdf?ua=1)

6 Sjá á <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/8115071e.pdf?expires=1487099588&id=id&accname=guest&checksum=740BA613856E7992200945A1F8CC0114>

OECD-ríkjanna sem er 9,1. Í Bretlandi er talið að einn af hverjum þremur hjúkrunarfræðingum þar í landi fari á eftirlaun innan 10 ára en um 45% starfandi hjúkrunarfræðinga 45 ára og eldri<sup>7</sup>. Til samanburðar er meðalaldur starfandi íslenskra hjúkrunarfræðinga 46 ár og 43% þeirra eru 50 ára og eldri. Sé horft okkur nær skortir einnig hjúkrunarfræðinga til starfa á hinum Norðurlöndunum<sup>8</sup> og er áætlað að það vanti um 30.000 hjúkrunarfræðinga bæði í Svíþjóð og Noregi á næstu 3-4 árum,<sup>9</sup> sérstaklega hjúkrunarfræðingum með framhaldsmenntun og sérfræðiþekkingu<sup>10</sup>.

#### 1.4 Hvers vegna er mikilvægt að heilbrigðiskerfið sé mannað af hjúkrunarfræðingum?

Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós að skortur á hjúkrunarfræðingum hefur í för með sér fleiri dauðsföll, þjónustu hrakar, sem og ánægju og vellíðan sjúklinga. Viðamiklar evrópskar rannsóknir<sup>11</sup> um tengsl mönnunar í hjúkrun á sjúkrahúsum við fjölda dauðsfalla og gæði þjónustu leiddu í ljós að með færri hjúkrunarfræðingum og minna menntuðu heilbrigðisstarfsfólki við hjúkrun sjúklinga margfaldast dánarlíkur sjúklinganna. Niðurstöður hafa ótvírætt sýnt tengsl milli mönnunar, menntunar og dánartíðni sjúklinga, og ljóst er að fækkun hjúkrunarfræðinga getur haft alvarlegar afleiðingar á afdrif sjúklinga á heilbrigðisstofnunum, en skortur á hjúkrunarfræðingum er ein stærsta ógnin við öryggi sjúklinga. Mannfjöldaspá gerir ráð fyrir að 60 ára og eldri muni fjölga um tæp 12% á árunum 2017 til 2021<sup>12</sup> og að sama skapi mun eftirspurn eftir heilbrigðisstarfsfólki aukast gríðarlega.

#### 1.5 Gagnaöflun

Gagna fyrir skýrsluna var aflað með ýmsum hætti til að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga, þar með talið aldur, nýliðun, lífeyristökualdur og stöðu mönnunar:

a) Hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi

Fenginn var listi frá Embætti landlæknis<sup>13</sup> frá desember 2016 yfir hjúkrunarfræðinga sem eru með starfsleyfi á Íslandi.

b) Félagatal hjúkrunarfræðinga

Útbúinn var listi yfir hjúkrunarfræðinga sem greiddu félagsgjöld í félagssjóð Fíh á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2016. Listinn var unnin upp úr DK-forritinu sem heldur utan um félagatal og iðgjaldagreiðslur félagsmanna Fíh í janúar 2017.

7 Sjá á [https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment\\_data/file/535657/The\\_labour\\_market\\_for\\_nurses\\_in\\_the\\_UK.pdf](https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/535657/The_labour_market_for_nurses_in_the_UK.pdf)

8 Sjá á <http://sverigesradio.se/sida/artikel.aspx?programid=2054&artikel=5929419>

9 Sjá nánar í frétt frá RÚV í júlí 2015: <http://www.ruv.is/frett/danskir-hjukrunarfraedingar-a-lausu> og <https://www.nsf.no/vis-artikkel/2624399/17036/Vil-mangle-30.000-sykepleiere-om-20-aar>.

10 <http://lup.lub.lu.se/luur/download?func=downloadFile&recordId=4462816&fileId=4462818>

11 Vísað er annars vegar í niðurstöður rannsóknar sem byggist á svörum 13.000 hjúkrunarfræðinga og 19.000 sjúklinga á 243 sjúkrahúsum meðal sex Evrópulanda, sjá á <http://qualitysafety.bmj.com/.../bmjqs-2016-005567.full.pdf+h...>. Hins vegar er vísað í tímamótarrannsókn sem byggist á niðurstöðum viðtala við 423.000 aðgerðasjúklinga 50 ára og eldri og 26.500 hjúkrunarfræðinga á 300 spítölum í níu Evrópulöndum. Sjá nánar á [http://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736\(13\)62631-8/abstract](http://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736(13)62631-8/abstract).

12 Hagtíðindi, Mannfjöldaspá 2016-2065. Sjá [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldaspa/MAN09010.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b7dec046-bd6a-4de6-9309-62209a3ff533](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldaspa/MAN09010.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b7dec046-bd6a-4de6-9309-62209a3ff533).

13 Að beiðni FÍH sendi Embætti landlæknis lista yfir hjúkrunarfræðinga sem hafa starfsleyfi á Íslandi þann 5. desember 2016.

- c) Gögn frá Lífeyrissjóði starfmannna ríkisins<sup>14</sup> og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga<sup>15</sup>  
Aðild að báðum sjóðunum miðast við lífeyrisaðild hjúkrunarfræðinga í desember 2016
- d) Spurningalisti með spurningum um mönnun í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum<sup>16</sup>  
Listinn var saminn af Aðalheiði J. Finnbogadóttur, sviðsstjóra fagsviðs Fíh, Guðbjörgu Pálsdóttur formanni Fíh og Gunnari Helgasyni, sviðsstjóra kjara- og réttindasviðs Fíh. Listinn var unninn út frá sambærilegri könnun frá 2006. Spurningalistinn var sendur til framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarforstjóra á öllum heilbrigðisstofnunum sem hafa hjúkrunarfræðinga í vinnu samkvæmt upplýsingum úr félagatali Fíh þann 1. október 2016. Alls var listinn sendur til 54 framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarforstjóra 12. október 2016. Send var ítrekun til þeirra sem ekki höfðu svarað könnuninni 7. nóvember 2016. Þegar ekki höfðu borist svör í byrjun desember frá stofnunum var hringt í þær stofnanir og ítrekuð ósk um að könnuninni yrði svarað. Svarhlutfall í könnuninni var 93%.
- e) Gögn um útskrifaða hjúkrunarfræðinga frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri  
Fenginn var fjöldi hjúkrunarfræðinga sem innrituðust á árunum 2007-2012 og útskrifuðust á árunum 2011-2016 frá háskólunum.
- f) Upplýsingar um laun  
Upplýsingar um meðaltalslaun hjúkrunarfræðinga og annarra stétta voru fengnar af vef fjármálaráðuneytisins.

---

14 Að beiðni FÍH sendi LH gögn 6. desember 2016.


15 Að beiðni FÍH sendi LSR gögn 16. desember 2016.

16 Spurningalistinn fylgir í viðhengi.

## 2. Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga

### 2.1 Fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnualdri

Samkvæmt gögnum frá Embætti landlæknis höfðu 5118 hjúkrunarfræðingar starfsleyfi á Íslandi haustið 2016 og því rétt til að kalla sig hjúkrunarfræðing. Um er að ræða alla hjúkrunarfræðinga óháð aldri sem fengið hafa hjúkrunarleyfi fram að september 2016. Virkir félagsmenn Fíh<sup>17</sup> voru 3115 árið 2016 og er meðalaldur starfandi<sup>18</sup> hjúkrunarfræðinga 46 ár. Flestir hjúkrunarfræðingar eru á aldrinum 40-59 ára hvort sem miðað er við lista yfir hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi frá Embætti landlæknis eða félagatal Fíh. Meðalaldur hjúkrunarfræðinga er 46 ár og eru 43% hjúkrunarfræðinga 50 ára og eldri. Yfirlit yfir aldersdreifingu hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi og starfandi hjúkrunarfræðinga má sjá á mynd 1.



**Mynd 1.** Aldursdreifing hjúkrunarfræðinga

Til að greina fjölda hjúkrunarfræðinga á vinnualdri<sup>19</sup> er hægt að miða við þrenns konar aldur: 65 ára (óskert taka lífeyris), 67 ára (lífeyrisaldur) og 70 ára (hámarksaldur á vinnumarkaði). Ákveðið var að miða vinnualdur hjúkrunarfræðinga í þessari skýrslu við 70 ára aldur. Samkvæmt lista Embættis landlæknis yfir hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi eru hjúkrunarfræðingar á vinnualdri 4525 talsins, eða 76% hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi, og eru því 24% hjúkrunarfræðinga 70 ára og eldri. Nánari sundurliðun á fjölda hjúkrunarfræðinga miðað við 65 ára, 67 ára og 70 ára má sjá í töflu 1.

**Tafla 1.** Fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnualdri

Aldur	Fjöldi hjúkrunarfræðinga	Hlutfall af hjúkrunarfræðingum með starfsleyfi
yngrri en 65 ára	4111	71%
yngrri en 67 ára	4307	73%
yngrri en 70 ára	4525	76%

17 Virkir félagsmenn Fíh eru hjúkrunarfræðingar sem greiddu í félagssjóð á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2016.

18 Starfandi hjúkrunarfræðingar eru hjúkrunarfræðingar sem voru í starfi og greiddu félagsgjöld til Fíh á árinu 2016.

19 Vinnualdur telst í þessari skýrslu vera hjúkrunarfræðingar yngri en 70 ára.




## 2.2 Fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnumarkaði

Samkvæmt félagatali Fíh greiddu 3115 hjúkrunarfræðingar félagsgjald til félagsins á árinu 2016. Til að teljast félagsmaður í Fíh og mega greiða félagsgjald til félagsins þarf viðkomandi að hafa leyfi frá Embætti landlæknis til að kalla sig hjúkrunarfræðing. Af félagsmönnum eru 3042 (98%) konur og 73 (2%) karlar.

Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga skiptist í opinberan og almennan vinnumarkað. Á opinberum vinnumarkaði semur Fíh um kaup og kjör við fimm viðsemjendur: fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs (ríki), Reykjalund, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Samtök sveitarfélaga (SNS) og Reykjavíkurborg. Á almennum vinnumarkaði semja hjúkrunarfræðingar um eigin laun en réttindi miðast við samning Fíh við Samtök atvinnulífsins. Hjúkrunarfræðingar í fæðingarorlofi greiða félagsgjöld meðan á fæðingarorlofi stendur og halda með því réttindum sínum hjá félaginu.

Hjúkrunarfræðingar sem greiddu félagsgjöld til Fíh vinna flestir hjá ríki, eða 74%. Hjá SFV starfa 10% hjúkrunarfræðinga, 5% á almennum vinnumarkaði, 4% hjá SNS, 3% hjá Reykjavíkurborg og 1% á Reykjalundi. Þá voru 3% félagsmanna í fæðingarorlofi og greiddu jafnframt félagsgjald á árinu 2016. Þegar skoðuð er skipting félagsmanna á milli opinbers vinnumarkaðar, þ.e. ríkis, sveitarfélaga og stofnana sem fjármagnaðar eru með almannafé, og almenns markaðar kemur í ljós að 94% hjúkrunarfræðinga starfa á opinberum vinnumarkaði. Nánari sundurgreiningu á skiptingu hjúkrunarfræðinga á vinnumarkaði má sjá á mynd 2.




Mynd 2. Skipting hjúkrunarfræðinga á vinnumarkaði

## 2.2 Fjöldi hjúkrunarfræðinga búsettra erlendis

Samkvæmt samanburði á félagatali Fíh og lista Embættis landlæknis yfir hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi eru 392 hjúkrunarfræðingar búsettir erlendis. Af þeim greiddu fjórir félagsgjald til Fíh á árinu 2016. Af

Þessum hjúkrunarfræðingum eru 305 íslenskir og 123 af erlendum uppruna. Aldursdreifingu hjúkrunarfræðinga, sem búsettir eru erlendis, má sjá á mynd 3.



**Mynd 3.** Aldursdreifing hjúkrunarfræðinga sem búsettir eru erlendis

### 2.3 Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem fær elli- og örorkulífeyri

Hjúkrunarfræðingar eru sjóðsfélagar í tvenns konar lífeyrissjóðum, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH) og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins A deild (LSR). Þó nokkur fjöldi hjúkrunarfræðinga fær greiðslur frá báðum sjóðunum, eða 190.

Til frekari glöggvunar á fjölda hjúkrunarfræðinga á vinnualdri<sup>20</sup>, sem fær lífeyri eða er hættur störfum, voru bornir saman listar frá Embætti landlæknis yfir hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi (miðað við hjúkrunarfræðinga á vinnualdri), félagatal Fíh og listar yfir lífeyrisþega sem hafið hafa töku lífeyris frá LH og LSR.

Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem fær lífeyri frá LH er 910 og 217 frá LSR, eða samtals 1127. Af þeim hjúkrunarfræðingum sem fá lífeyri er 501 á vinnualdri, þ.e. yngri en 70 ára. Hjúkrunarfræðingar, sem taka lífeyri og greiddu félagsgjöld til Fíh á árinu 2016, eru 239 talsins. Því taka 262 hjúkrunarfræðingar á vinnualdri lífeyri en starfa ekki við hjúkrun og eru því líklega hættir störfum.

**Tafla 2.** Sundurliðun á fjölda hjúkrunarfræðinga sem taka lífeyri í LH og LSR.

	Í heild á lífeyri	Á vinnualdri;		
		í starfi	á lífeyri	samtals
Taka lífeyri hjá LH	910	190	192	382
Taka lífeyri úr LSR A-deild	217	49	70	119
<b>Samtals</b>	<b>1127</b>	<b>239</b>	<b>262</b>	<b>501</b>

Samkvæmt upplýsingum frá LSR og LH fengu 166 hjúkrunarfræðingar örorkulífeyri frá LH og LSR í desember 2016. Af þeim eru 69 hjúkrunarfræðingar jafnframt í starfi. Því fengu 97 hjúkrunarfræðingar fullan örorkulífeyri árið 2016.

<sup>20</sup> Við skoðun á þessum þætti var miðað við að vinnualdur hjúkrunarfræðinga væri yngri en 70 ára.


## 2.4 Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem eru félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands

Til að greina betur hvar hjúkrunarfræðingar starfa var fenginn listi yfir virka félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands. Frá árinu 1996 hefur próf í hjúkrunarfræði verið skilyrði fyrir því að hefja nám í ljósmóðurfræðum. Áður en það kom til var talsvert um að hjúkrunarfræðingar væru jafnframt með próf í ljósmóðurfræðum þótt forsenda ljósmæðranáms væri útskrift úr hjúkrunarfræði.

Listi yfir virka félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands var borinn saman við félagatal Fíh og lista Embætti landlæknis yfir hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi. Alls eru 235 hjúkrunarfræðingar félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands og starfa sem ljósmæður. Af þeim greiddu 10 félagsmenn jafnframt félagsgjald í Fíh á árinu 2016.

## 2.5 Greining á vinnumarkaði hjúkrunarfræðinga

Til að áætla fjölda hjúkrunarfræðinga sem starfa ekki við hjúkrun er fjöldi hjúkrunarfræðinga, sem vitað hvar er, hvar starfa eða eru búsettir (félagsmenn í Fíh, búsettir erlendis, á lífeyri en ekki í starfi, á örorkulífeyri, félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands), dreginn frá fjölda hjúkrunarfræðinga á vinnualdri. Ekki er vitað um starfsvettvang 8% hjúkrunarfræðinga og 8% hjúkrunarfræðinga fá annað hvort elli- eða örorkulífeyri. Alls starfa því um 24% hjúkrunarfræðinga á vinnualdri við annað en hjúkrun, þ.e. eru búsettir erlendis, félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands, eða búseta eða starfsvettvangur óþekktur. Sjá nánar á mynd 4.



Mynd 4. Hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi

## 2.6 Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem á þess kost að hefja töku lífeyris á næstu árum

Hjúkrunarfræðingar hafa rétt til að hefja töku lífeyris á mismunandi aldri eftir því í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða. Hjúkrunarfræðingar, sem eru félagsmenn í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH), geta tekið lífeyri eftir 95 ára reglunni en með henni er átt við samanlagðan iðgjaldagreiðslutíma og lífaldur. Þessi regla gerir sjóðsfélögum kleift að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur. Hjúkrunarfræðingar, sem eru félagsmenn í LSR,


geta hafið töku lífeyris 60 ára. Lífeyrir þeirra skerðist um 0,5% fyrir hvern mánuð sem þeir hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur. Hins vegar hækkar lífeyririnn um 0,5% fyrir hvern mánuð sem þeir fresta töku lífeyris eftir 65 ára aldur.

Samkvæmt upplýsingum frá LH hafa alls 910 hjúkrunarfræðingar hafið töku lífeyris hjá sjóðnum, þar af starfa 190 í tímavinnu samhliða töku lífeyris. Hjá LSR hafa 217 hjúkrunarfræðingar hafið töku lífeyris. Samkvæmt félagatali Fíh munu tæplega 400 starfandi hjúkrunarfræðinga, eða 13% félagsmanna, komast á 65 ára lífeyrisaldur á næstu fimm árum, sjá nánar í töflu 3.

**Tafla 3.** Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem kemst á 65 ára lífeyrisaldur á árunum 2017-21

Aldur	Fjöldi
60 ára	98
61 árs	80
62 ára	86
63 ára	76
64 ára	59
Samtals	399

Fáir hjúkrunarfræðingar hefja töku lífeyris við 60 ára aldur en hlutfallið eykst jafnt og þétt eftir þann aldur. Um 55-58% hjúkrunarfræðinga, sem orðnir eru 65 ára, eru byrjaðir að taka lífeyri og er hlutfallið komið upp í 91% við 69 ára aldur. Nánari sundurliðun á hlutfalli hjúkrunarfræðinga, sem hafa hafið töku lífeyris, má sjá á mynd 5.



**Mynd 5.** Hlutfall hjúkrunarfræðinga á aldrinum 60-69 ára sem byrjaðir eru að taka lífeyri

## 2.7 Nýliðun og nám í hjúkrunarfræði

Nám í hjúkrunarfræði er hægt að stunda við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands (HÍ) og við hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri (HA). Námið, sem er alls 120 einingar, tekur að jafnaði fjögur ár og er hámarkstími til námsins sex ár. Forsendan fyrir inngöngu í hjúkrunarnám við HÍ er að hafa staðist svokallað

aðgangspróf (A-próf)<sup>21</sup>, en hjá HA eru reglur um námsframvindu að loknu fyrsta misseri námsins.<sup>22</sup> Að meðaltali hófu 97 nemendur nám í hjúkrunarfræðideild HÍ og 49 við HA á árunum 2007-2012, þ.e. eftir forsendum um inngöngu, samkvæmt upplýsingum frá HÍ og HA. Helsti þröskuldur á fjölda nema við hjúkrunarfræði við HÍ og HA hefur verið skortur á fjármagni og skortur á verknámsplássum á heilbrigðistofnunum fyrir hjúkrunarnema. Á árunum 2011-2016, þ.e. að loknu fjögurra ára námi, útskrifuðust að meðaltali 74 einstaklingar úr HÍ og 46 úr HA (sjá nánar skiptingu eftir árum og háskólum í töflu 7). Að meðaltali útskrifuðust því 82% þeirra, sem hófu nám, fjórum árum síðar; 76% þeirra sem höfðu staðist aðgangspróf útskrifuðust fjórum árum síðar í Háskóla Íslands, en 94% þeirra sem hófu nám samkvæmt reglum um framvindu í Háskólanum á Akureyri. Samkvæmt skýrslu um manneklu í hjúkrun, sem Fíh gaf út árið 2007, var áætlað að 145 einstaklingar myndu útskrifast árlega úr hjúkrunarfræði við HÍ og HA, en að meðaltali útskrifuðust 120 af 146 nemendum sem hófu nám á árunum 2007-2012, eða 82%, líkt og kemur fram í töflu 4. Árið 2014 var eina árið sem fjöldi útskrifaðra var nálægt viðmiðinu sem gefið var upp í skýrslu Fíh frá árinu 2007. Sundurliðun á fjölda innritaðra og útskrifaðra á árunum 2007-2016 má sjá í töflu 4.

**Tafla 4.** Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga frá 2011-2016

Fjöldi sem hóf nám árin	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Meðaltal
HÍ	106	87	100	120	80	90	97
HA	45	46	51	50	51	51	49
Samtals	151	133	151	170	131	141	146
Fjöldi útskrifaðra árin	2011	2012	2013	2014	2015	2016	
HÍ	74	53	89	92	72	64	74
HA	43	39	46	48	49	53	46
Samtals	117	92	135	140	121	117	120
Hlutfall útskrifaðra af fjölda eftir 1. ár							
HÍ	70%	61%	89%	77%	90%	71%	76%
HA	96%	85%	90%	96%	96%	104%	94%
Meðaltal	77%	69%	89%	82%	92%	83%	82%
Áætlun skv. mannaflaskýrslu 2007	145	145	145	145	145	145	145
Mismunur á áætlun og útskrifum	28	53	10	5	24	28	25
Samtals fjöldi sem vantar m.v. áætlun		81	91	96	120	148	
Hlutfall útskrifaðra miðað við áætlun	81%	63%	93%	97%	83%	81%	83%

21 Aðgangspróf fyrir háskólastig (A-próf) er próf sem ætlað er að spá fyrir um námsárangur stúdenta við háskóla. Hjúkrunarfræðideild HÍ er ein þriggja deilda sem nota A-próf til að taka inn nemendur. Sjá nánar á [http://www.hi.is/a\\_prof](http://www.hi.is/a_prof).

22 Möguleikar nemandar til að komast yfir á annað misseri 1. námsárs samkvæmt námskrá hjúkrunarfræðideilda ákvarðast af reglum um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði. Sjá nánar á <http://www.unak.is/heilbrigdisvisindasvid/hjukrunarfraedi-deild/hjukrunarfraedi>.

Af þeim sem útskrifuðust frá HÍ og HA á árunum 2012-2016 eru 85% starfandi við hjúkrun samkvæmt félagatali Fíh 2016. Athygli vekur að einungis 72% þeirra sem útskrifuðust árið 2012 eru enn við störf við hjúkrun á árinu 2016. Sjá nánari sundurliðun á hlutfalli útskrifaðra og þeirra sem eru í vinnu við hjúkrun árið 2016 í töflu 5.

**Tafla 5.** Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga er starfa við hjúkrun árið 2016

Ár	Fjöldi útskrifaðra			Í vinnu 2016			Hlutfall í vinnu		
	HÍ	HA	Samtals	HÍ	HA	Samtals	HÍ	HA	Samtals
2012	53	39	92	41	25	66	77%	64%	72%
2013	79	45	124	71	37	108	90%	82%	87%
2014	92	48	140	81	41	122	88%	85%	87%
2015	72	49	121	63	44	107	88%	90%	88%
2016	64	52	116	54	49	103	84%	94%	89%
<b>Samtals</b>	<b>306</b>	<b>182</b>	<b>488</b>	<b>255</b>	<b>149</b>	<b>404</b>	<b>85%</b>	<b>83%</b>	<b>85%</b>

### 3. Könnun á mönnun í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum árið 2016

#### 3.1 Svarhlutfall

Spurningalistinn, sem stuðst var við í könnun á mönnun í hjúkrun<sup>23</sup>, var sendur til 54 framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarforstjóra á öllum heilbrigðisstofnunum sem hjúkrunarfræðingar störfuðu á samkvæmt félagatali Fih þann 1. október 2016. Alls bárust svör frá 48 stofnunum og var svarhlutfall frá stofnunum 93%. Nánari sundurgreining á svarhlutfalli má sjá í töflu 6.

Tafla 6. Svarhlutfall eftir viðsemjendum Fih<sup>24</sup>

	Fjöldi stofnana	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla	10	9	90%
Reykjalundur	1	1	100%
Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu	25	22	88%
Sveitarfélög	15	13	87%
Reykjavíkurborg	3	3	100%
Samtals	54	48	93%

Miðað við svarhlutfall í könnuninni nær hún yfir stofnanir sem eru með um 98% hjúkrunarfræðinga sem starfa á stofnunum sem könnunin nær til.

#### 3.2 Starfshlutfall hjúkrunarfræðinga

Fjöldi hjúkrunarfræðinga, sem starfa á stofnunum sem könnunin nær til, er 2784 í 1964 stöðugildum. Meðaltalsstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga er því 71%. Hæst er starfshlutfallið hjá Reykjalundi (79%) og lægst hjá Reykjavíkurborg (67%). Í könnun sem Fih gerði árið 2007 var meðaltalsstarfshlutfall 76% og hefur því lækkað um 6% milli kannana. Nánari sundurgreining á fjölda hjúkrunarfræðinga, fjölda stöðugilda og starfshlutfall má sjá í töflu 7.

Tafla 7. Fjöldi hjúkrunarfræðinga, stöðugildi og starfshlutfall eftir viðsemjendum Fih

	Hjúkrunarfræðingar	Stöðugildi	Meðaltalsstarfshlutfall
Sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla	2.291	1.618	71%
Reykjalundur	34	27	79%
Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu	313	215	69%
Sveitarfélög	71	54	76%
Reykjavíkurborg	75	51	67%
Samtals	2.784	1.964	71%

Um 218 hjúkrunarnemar eru í starfi á stofnunum. Ekki fengust svör um það hjá heilbrigðisstofnunum í hversu mörgum stöðugildum þessir hjúkrunarnemar sinna.

23 Mönnun í hjúkrun: hér er einungis átt við hjúkrunarfræðinga er starfa við hjúkrun.

24 Niðurstöður eru sundurliðaðar eftir viðsemjendum Fih, sbr. umfjöllun um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga í kafla 2.2.

### 3.3 Fjöldi setinna stöðugilda miðað við heimiluð stöðugildi

Í könnuninni eru borin saman annars vegar heimiluð stöðugildi<sup>25</sup>, þ.e. fjöldi stöðugilda út frá fjármagni stofnana, og hins vegar setin stöðugildi. Fram kemur að heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga á stofnunum eru 2077 en setin stöðugildi eru 1964, eða 94,5% af heimiluðum stöðugildum. Af setnum stöðugildum eru 112 stöðugildi í námsleyfi. Því eru ómönnuð 225 stöðugildi hjúkrunarfræðinga, eða 10,8% heimilaðra stöðugilda. Flest stöðugildi vantar á sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og heilsugæslu, eða 169 stöðugildi. Í ljósi þess að starfshlutfall hjúkrunarfræðinga er að meðaltali 71% vantar því 290 hjúkrunarfræðinga til starfa til að manna öll heimiluð stöðugildi. Nánari sundurgreiningu á mismun á fjölda setinna og heimilaðra stöðugilda má sjá í töflu 8.

**Tafla 8.** Mismunur á fjölda setinna og heimilaðra stöðugilda

	Fjöldi setinna stöðugilda	Fjöldi stöðugilda í fæðingarorlofi, veikindum og námsleyfi	Fjöldi heimilaðra stöðugilda	Ómönnuð stöðugildi	Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem vantar
Sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla	1618	73	1.714	169	218
Reykjalundur	27	0	28	1	1
Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu	215	28	219	32	42
Sveitarfélög	54	6	62	14	18
Reykjavíkurborg	51	4	54	8	10
Samtals	1964	112	2077	225	290

Heimiluð stöðugildi eru þó ekki trygging fyrir því að stöðugildi hjúkrunarfræðinga séu í samræmi við raunverulega þörf fyrir hjúkrunarfræðinga. Í könnuninni var leitast við að meta hver raunveruleg þörf fyrir hjúkrunarfræðinga væri með því að spyrja framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarforstjóra hvað þeir teldu þurfa marga hjúkrunarfræðinga út frá starfsemi stofnunarinnar og hjúkrunarþörfum sjúklinganna. Áætluð þörf stöðugilda er byggð á mati framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarforstjóra um raunverulega þörf fyrir hjúkrunarfræðinga. Ekki treystu allir aðspurðra sér til að gefa upp nákvæmlega hve mörg stöðugildi þyrfti á stofnunina. Nefndar voru ýmsar ástæður eins og ósamræmi milli fjármagns sem ríkið veitir til hjúkrunarheimila og þeirra viðmiða sem Embætti landlæknis hefur gefið út um mönnun á hjúkrunarheimilum. Í svari frá einu hjúkrunarheimili segir meðal annars:

Þetta er nokkuð flókin spurning. Við myndum að sjálfsögðu vilja nota viðmið landlæknis um hlutfall faglegrar mönnunar, en ekki er auðvelt að fá hjúkrunarfræðinga til starfa og að sama skapi þurfum við að miða við þær tekjur sem heimilin fá frá ríkinu til rekstursins. Horft er út frá RAI-mælitækinu hver þörfin er. Árlega er farið yfir mönnunarmódel m.t.t. mönnunar hjúkrunarfræðinga, meðal annars í þeim tilgangi að skoða umfang deildarinnar og getu til að veita sem besta mögulega þjónustu á hverjum tíma.

Frá annarri heilbrigðisstofnun fékkst það svar að ekki væri hægt að segja nákvæmlega til um hve mörg stöðugildi hjúkrunarfræðinga vantaði miðað við áætlaða þörf.

<sup>25</sup> Heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga á stofnun fela í sér reiknaðan eða áætlaðan fjölda stöðugilda hjúkrunarfræðinga sem fjárhagsáætlanir miðast við.



Það er mat framkvæmdastjóra hjúkrunar að í dag væri þörf fyrir að manna 130 stöðugildi hjúkrunarfræðinga til viðbótar við það sem þegar er. Þessu til viðbótar er það langtímamarkmið stofnunarinnar að auka hlutfall hjúkrunarfræðinga og mun því á næstu árum verða þörf fyrir að bæta við um 40 stöðugildum hjúkrunarfræðinga. Matið byggir á þörf fyrir hjúkrunarfræðinga eins og hún er nú og tekur ekki tillit til breytinga í framtíðinni sem geta haft áhrif, svo sem breytinga á aldursdreifingu skjólstæðinga, tækni framfara, breytinga á starfsemi stofnunar, breytinga á vinnufyrirkomulagi, breytinga á starfsmannaveltu, breytinga á eftirlaunaaldri eða lengds fæðingarorlofs svo dæmi séu tekin. Eins er mönnunarþörf líklega vanáætluð þar sem í mönnun er ekki gert ráð fyrir að fullu öðrum störfum hjúkrunarfræðinga á deildum en beinni umönnun sjúklinga, s.s. gæða- og umbótastarfi, kennslu, vísindastarfi og starfsþróun.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að hjúkrunarforstjórar telja að það þyrfti að bæta við 405 stöðugildum til viðbótar við heimiluð stöðugildi til að fjöldi stöðugilda væri í samræmi við áætlaða þörf fyrir stöðugildi. Í sumum tilfellum var um að ræða fjölgun sem þyrfti að eiga sér stað nú þegar en hjá öðrum á næstu árum. Fjölga þyrfti því heimiludum stöðugildum hjúkrunarfræðinga upp í 2369 stöðugildi að teknu tilliti til fæðingarorlofs, námsleyfis og veikinda til þess að heilbrigðisstofnanir fullnægðu áætlaðri þörf eins og sjá má í töflu 9. Ef miðað er við að meðaltalsstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga sé 71% vantar því 523 hjúkrunarfræðinga til starfa. Í töflu 9 er sundurliðun á fjölda hjúkrunarfræðinga sem vantar til starfa eftir stofnunum miðað við áætlaða þörf fyrir stöðugildi.

**Tafla 9.** Áætluð þörf fyrir hjúkrunarfræðinga

	Áætluð þörf fyrir stöðugildi	Ómönnuð stöðugildi miðað við áætlaða þörf	Fjöldi hjúkrunarfræðinga
Sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla	1.927	309	399
Reykjalundur	28	1	1
Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu	274	59	76
Sveitarfélög	74	20	26
Reykjavíkurborg	66	15	20
Samtals	2.369	405	523

Taka ber fram að þær niðurstöður, sem fjallað er um hér á undan, miðast eingöngu við þær heilbrigðisstofnanir þar sem hjúkrunarfræðingar eru í starfi í dag. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir fjölgun á hjúkrunarrýmum á næstu árum, nýjum hjúkrunarheimilum eða öðrum breytingum í starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga sem kunna að verða eða breytingum á heilbrigðiskerfinu og gætu aukið þörf fyrir mönnun hjúkrunarfræðinga.

### 3.4 Spá um stöðu mönnunar í hjúkrun á árunum 2017-2021

Mikilvægt er að skoða hver mönnun í hjúkrun verður næstu ár. Líkt og komið hefur fram skortir 225 stöðugildi hjúkrunarfræðinga ef miðað er við heimiluð eða fjármögnuð stöðugildi, en 405 ef miðað er við áætlaða þörf fyrir stöðugildi. Í töflu 10 er spá Fíh um hver staða mönnunar í hjúkrun verði á næstu fimm árum. Út frá fjölda hjúkrunarfræðinga, sem starfa við hjúkrun og greiða félagsgjöld til Fíh, mun nýliðun

næstu fimm árin draga lítillga úr skorti á hjúkrunarfræðingum, en áætlað er að áfram muni vanta um 421 hjúkrunarfræðinga til starfa árið 2021. Tekið skal fram að um varfærna spá er að ræða. Ekki er hægt að spá fyrir með vissu um hversu margir hjúkrunarfræðingar hefja töku lífeyris á næstu árum, heldur einungis að leiða líkur að því hver þróunin verður, en undanfarin ár hafa flestir hjúkrunarfræðingar hafið töku lífeyris 65 ára.<sup>26</sup> Spáin tekur heldur ekki tillit til hugmynda stjórnvalda um fjölgun hjúkrunarrýma, breytinga á starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga, mögulega lengingu á fæðingarorlofi eða annarra breytinga á heilbrigðis-kerfinu sem gætu aukið þörf fyrir hjúkrunarfræðinga.

Samkvæmt Hagtíðindum<sup>27</sup> er reiknað með að íbúum 60 ára og eldri muni fjölga um 11,6% á árunum 2017 til 2021. Það felur í sér aukna heilbrigðisþjónustu en talið er að aldraðir kosti heilbrigðiskerfið allt að fjórum sinnum meira en yngri einstaklingur. Hærri lífaldur getur sömuleiðis haft í för með aukið álag á heilbrigðisstarfsfólk og orðið til þess að eftirlaunaaldur lækki. Fyrir vikið má gera ráð fyrir töluvert aukinni eftirspurn eftir heilbrigðisstarfsfólki á komandi árum.

**Tafla 10.** Spá um mönnun í stöður hjúkrunarfræðinga 2017- 2021

	2017	2018	2019	2020	2021
a) Áætlaður fjöldi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga	120	120	120	120	120
b) Fjöldi til starfa	102	102	102	102	102
c) Áætlaður fjöldi stöðugilda til starfa	72	72	72	72	72
d) Áætlaður fjöldi stöðugilda á lífeyri	42	52	60	58	71
e) Áætluð hrein nýliðun í stöðugildum	31	21	12	14	1
f) Áætluð setin stöðugildi	1.884	1.904	1.916	1.930	1.932
g) Áætlaður fjöldi ósetinna stöðugilda m.v. heimild	194	174	162	148	146
h) Áætlaður fjöldi ósetinna stöðugilda m.v. þörf	374	354	342	328	326
i) Heildarskortur á hjúkrunarfræðingum	483	457	441	423	421

Spáin er gerð út frá skoðun á vinnumarkaði hjúkrunarfræðinga og könnun á mönnun í hjúkrun sem fjallað hefur verið um í þessari skýrslu.

- Áætlaður fjöldi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga: Miðað er við meðaltal fjölda útskrifaðra hjúkrunarfræðinga frá HÍ og HA síðastliðin fimm ár (sjá töflu 4).
- Fjöldi til starfa: Miðað er við meðaltal fjölda hjúkrunarfræðinga sem eru við störf á árinu 2016 og útskrifuðust á árunum 2012-2016 (sjá töflu 5) eða að 85% skili sér til starfa.
- Áætlaður fjöldi stöðugilda til starfa: Miðað er við fjölda hjúkrunarfræðinga sem koma til starfa og margfaldað með meðaltalsstarfshlutfalli hjúkrunarfræðinga (sjá töflu 7).
- Áætlaður fjöldi stöðugilda á lífeyri: Miðað er við fjölda hjúkrunarfræðinga sem eiga kost á að hefja töku lífeyris á næstu fimm árum og er miðað við að lífeyristökualdur sé 65 ár (sjá mynd 5).
- Áætluð hrein nýliðun í stöðugildum: Fundinn er mismunur á fjölda stöðugilda til starfa og áætluðum fjölda á lífeyri.

26 Sjá nánar á mynd 5 bls. 12.

27 Hagtíðindi, Mannfjöldaspá 2016-2065. Sjá [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldaspa/MAN09010.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b7dec046-bd6a-4de6-9309-62209a3ff533](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldaspa/MAN09010.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b7dec046-bd6a-4de6-9309-62209a3ff533).

- f) Áætluð setin stöðugildi: Tekin er núllstaða með 1852 stöðugildum. Síðan er lögð við eða dregin frá hrein nýliðun skv. e) lið.
- g) Áætlaður fjöldi ósetinna stöðugilda m.v. heimild: Tekin er núllstaða miðað við að það vanti í 225 stöðugildi miðað við áætlaða þörf árið 2016. Síðan er hrein nýliðun skv. e) lið lögð við fjölda ósetinna stöðugilda m.v. heimild árið á undan.
- h) Áætlaður fjöldi ósetinna stöðugilda miðað við þörf: Tekin er núllstaða miðað við að það vanti í 405 stöðugildi í samræmi við áætlaða þörf árið 2016. Síðan er hrein nýliðun hvers árs skv. e) lið lögð við fjölda ósetinna stöðugilda m.v. þörf árið á undan.
- i) Heildarskortur á hjúkrunarfræðingum: Tekinn er fjöldi ósetinna stöðugilda m.v. þörf og margfaldað með meðaltalsstarfshlutfalli til að finna fjölda hjúkrunarfræðinga sem vantar á hverju ári.

## 4. Laun hjúkrunarfræðinga

Vinumarkaður hjúkrunarfræðinga skiptist í opinberan og almennan vinnumarkað eins og fjallað var um í kafla 2.2. Um 94% hjúkrunarfræðinga vinna á opinberum vinnumarkaði og mun umfjöllun um launamál hjúkrunarfræðinga miðast við þann markað. Samningsumhverfi hjúkrunarfræðinga á opinberum markaði er tvenns konar. Annars vegar semur Fíh við fjármálaráðherra, Reykjalund og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu um miðlægan kjarasamning; um launatöflu, launahækkanir, vinnutíma, vaktaálag, matar- og kaffitíma, orlof, veikindarétt og tryggingar. Fíh semur síðan við einstakar stofnanir innan raða þessara aðila um röðun í starfaheitisflokka, mat á starfsaldri, tryggð við stofnun og greiðslur fyrir vinnu að næturlagi og aðra persónubundna þætti út frá starfsemi stofnunar og þörfum. Hins vegar semur Fíh við Samband sveitarfélaga og Reykjavíkurborg um miðlægan kjarasamning þar sem kveðið er á um öll atriði er varða kaup og kjör hjúkrunarfræðinga. Meðal annars er þar samið um röðun í starfaheitisflokka og mat á starfsaldri, tryggð við stofnun og aðra persónubundna þætti sem samið er um í stofnanasamningi hjá ríkinu, Reykjalundi og SFV.

Aðgengi Fíh að launaupplýsingum hjúkrunarfræðinga er misjafnt eftir viðsemjendum. Fjármálaráðuneytið lætur félaginu í té upplýsingar um laun hjúkrunarfræðinga sem starfa hjá stofnunum ríkisins fjórum sinnum á ári. Meðaltalslaun hjúkrunarfræðinga eru misjöfn eftir stofnunum, hæst hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands og lægst hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þess ber að geta að fjöldi hjúkrunarfræðinga, sem starfar á heilbrigðisstofnunum, er misjafn og getur það valdið skekkju í meðaltalsútreikningum. Meðaltalsstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga, sem starfa hjá opinbera, er um 75%. Hjúkrunarfræðingar vinna margir vaktavinnu, þ.e. um kvöld, nætur og um helgar. Fyrir vaktavinnu fá hjúkrunarfræðingar greitt vaktaálag, 33% á kvöldin og 55% um nætur og helgar. Álagsgreiðslur fyrir vaktir og yfirvinnu skýra um 30% af heildarlaunum hjúkrunarfræðinga á flestum sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum en um 8% hjá heilsugæslu. Samanburð á meðaltalslaunum hjúkrunarfræðinga, starfshlutfalli og lægstu laun má sjá í töflu 11.

**Tafla 11.** Meðaltalslaun hjúkrunarfræðinga eftir heilbrigðisstofnunum ríkisins

Stofnun	Fjöldi	Starfshlutfall	Meðaltalslaun	Lægstu laun
Landspítali	1514	71%	508.063	359.142
Sjúkrahúsið á Akureyri	175	73%	486.200	367.902
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	158	80%	520.823	395.954
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	112	74%	521.893	359.142
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	86	72%	520.275	386.297
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	70	62%	488.405	395.494
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	67	74%	526.590	405.612
Heilbrigðisstofnun Austurlands	49	77%	565.808	436.540
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	34	73%	521.311	359.142
Sólvangur, Hafnarfirði	11	54%	519.002	436.033
<b>Samtals/meðaltal</b>	<b>2285</b>	<b>75%</b>	<b>517.837</b>	

Algengustu byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga hjá stofnunum ríkisins eru 359.142 krónur, en meðaltalslaun hjúkrunarfræðinga fyrir 100% dagvinnu eru 517.837 krónur. Algeng byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga hjá SFV eru á bilinu 395.000 til 436.000, um 437.000 hjá Reykjavíkurborg og 430.000 hjá sveitarfélögum. Fíh hefur ekki aðgang að meðaltalsdagvinnulaunum hjúkrunarfræðinga hjá þessum viðsemjendum.

Fjármálaráðuneytið gefur út fjórum sinnum á ári samanburð á launum starfsmanna ríkisins. Ef tekið er mið af þeim upplýsingum er launamunur á hjúkrunarfræðingum og stéttum með sambærilega menntun og ábyrgð hjá ríkinu um og yfir 20%.<sup>27</sup> Ekki hefur orðið breyting á þessum launamun þrátt fyrir markmið Fíh í þeim efnum undanfarin ár. Samanburð á meðaltalslaunum hjúkrunarfræðinga og sambærilegra stétta má sjá í töflu 12.

**Tafla 12.** Dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga og annarra sambærilegra stétta hjá hinu opinbera

September 2016	Dagvinnulaun	Launamunur
Hjúkrunarfræðingar	526.331	0%
Viðskiptafræðingar	638.986	21%
Lögfræðingar	624.459	19%
Stjórnarráðið	636.408	21%
Verkfræðingar	660.658	26%
Tæknifræðingar	672.279	28%

Að mati Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er talsverður stéttarbundinn launamunur innan heilbrigðiskerfisins. Hefðbundnar kvennastéttir sem starfa þar, sem auk hjúkrunarfræðinga eru sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar, geislafræðingar, félagsráðgjafar, lífeindafræðingar og ljósmæður, með 513.973 krónur í meðaltalsdagvinnulaun. Samantekt á launum þessara stétta má sjá í töflu 13.

**Tafla 13.** Dagvinnulaun hefðbundinna háskólamenntaðra kvennastétta innan heilbrigðiskerfisins

	Dagvinnulaun	Fjöldi stöðugilda kvk.	Fjöldi stöðugilda kk.
Félagsráðgjafar	539.320	86	
Geislafræðingar	521.224	93,2	
Hjúkrunarfræðingar	526.331	1.619,20	41,3
Iðjuþjálfar	493.539	73,4	
Lífeindafræðingar	500.192	184,5	
Ljósmæður	564.687	171,7	
Sjúkraþjálfarar	497.757	101,6	
Þroskaþjálfar	468.736	27,7	
<b>Meðaltal</b>	<b>513.973</b>		

27 Heimild: Gögn af vef fjármálaráðuneytisins um meðaltalslaun starfsmanna ríkisins 5. janúar 2017.

Meirihluti lækna eru karlmenn og hefðbundnar karlastéttir virðast lúta öðrum lögmálum þegar kemur að launasetningu hjá hinu opinbera heilbrigðiskerfi. Meðaldagvinnulaun lækna sem eru félagar í Læknafélagi Íslands (LÍ) og Skurðlæknafélagi Ísland (SKÍ) eru 1.015.873 krónur, og þar með 98% hærrí en meðaldagvinnulaun hefðbundinna kvennastétta innan heilbrigðiskerfisins líkt og kom fram í töflu 13. Sundurgreining á launum lækna í LÍ og skurðlækna í SKÍ má sjá í töflu 14.

**Tafla 14.** Meðaltalsdagvinnulaun lækna hjá hinu opinbera

	Dagvinnulaun	Fjöldi stöðugilda kvk	Fjöldi stöðugilda kk
Læknar í LÍ	917.969	349,4	463,9
Skurðlæknar í SKÍ	1.113.776		66,9
Meðaltal	1.015.873		

Þrátt fyrir að tekið sé tillit til lengd menntunar lækna annars vegar, og hefðbundinna kvennastétta innan heilbrigðiskerfisins hins vegar, er launamunurinn gríðarlega mikill, eða sem nemur 98%. Miklar breytingar hafa orðið á heilbrigðisstofnunum undanfarin ár. Þessar breytingar snúa að sameiningu stofnana, sjúklingahópi og bráðleika. Í kjölfar verkfalls hjúkrunarfræðinga og lagasetningar á verkfallið árið 2015 úrskurðaði gerðardómur um laun hjúkrunarfræðinga til ársins 2019. Miðað við þær launahækkningar sem hjúkrunarfræðingar eiga eftir að fá, og þau laun sem aðrar stéttir hafa samið um, er vandséð að launamunur á hjúkrunarfræðingum og öðrum sambærilegum stéttum hjá hinu opinbera muni minnka á komandi árum. Stofnanasamningar Fíh eru flestir orðnir um þriggja ára gamlir og hefur illa gengið að endurnýja þá. Ræður þar mestu sífelldur fjárskortur heilbrigðisstofnana.

## 5. Samantekt og lokaorð

Í heild eru 4525 hjúkrunarfræðingar á vinnualdri. Af þeim eru 3115, eða 69% hjúkrunarfræðinga, félagsmenn í Fíh og er meðalaldur þeirra 46 ár. Langflestir hjúkrunarfræðingar (94%) starfa hjá hinu opinbera eða stofnunum sem reknar eru fyrir almannafé. Alls búa 392 hjúkrunarfræðingar erlendis og eru 262 hjúkrunarfræðingar á vinnualdri farnir að taka lífeyri. Þá eru 235 hjúkrunarfræðingar félagar í Ljósmeðrafélagi Íslands. Því starfar talsverður fjöldi hjúkrunarfræðinga, eða tæplega þúsund, ekki við hjúkrun í árslok 2016.

Um 400 hjúkrunarfræðingar geta hafið töku lífeyris á næstu fimm árum en fyrir þarf talsverðan fjölda til að bæta og viðhalda mönnun í stéttinni. Að meðaltali útskrifast 120 hjúkrunarfræðingar ár hvert. Talsvert brottfall er úr hjúkrunarfræðinámi, eða um 18%. Þá er nokkurt brottfall úr starfi meðal hjúkrunarfræðinga, en að meðaltali starfa 85% hjúkrunarfræðinga, sem útskrifuðust á árunum 2012-2016, enn við hjúkrun árið 2016.

Hjúkrunarfræðingar eru í að meðaltali 71% starfshlutfalli. Helstu mögulegu skýringar á lágu starfshlutfalli eru álag vegna vaktavinnu, síbreytilegur vinnutími og starfsumhverfi. Samkvæmt niðurstöðum Vinnueftirlitsins<sup>28</sup> er helsti ókosturinn við vaktavinnu talinn vera sá að erfitt sé að samræma fjölskyldulíf, frítíma og vaktavinnu. Talið er að hærri greiðslur fyrir vaktaálag og færri vinnustundir að baki fullu starfi geti hvatt vaktavinnufólk til að halda áfram í vaktavinnu. Í Evrópu hefur víða verið tekin upp styttri vinnuvika meðal hjúkrunarfræðinga sem vinna vaktavinnu, og er það þekkt til að mynda í Noregi, Svíþjóð, Írlandi og Bretlandi.<sup>29</sup>

Ef miðað er við fjármögnuð stöðugildi á heilbrigðisstofnunum vantar nú hjúkrunarfræðinga til starfa í um það bil 225 stöðugildi, eða um 290 hjúkrunarfræðinga. Það samsvarar 10,8% heimilaðra stöðugilda. Talsverður fjöldi stöðugilda hjúkrunarfræðinga, eða 112, er í fæðingarorlofi, námsleyfi eða veikindaleyfi. Áætluð þörf á hjúkrunarfræðingum samkvæmt mati hjúkrunarforstjóra og framkvæmdastjóra hjúkrunar er talsvert meiri og eru stöðugildi hjúkrunarfræðinga sem vantar til starfa 405 miðað við áætlaða þörf. Í ljósi þess að hjúkrunarfræðingar vinna að meðaltali í 71% starfshlutfalli vantar því um 523 hjúkrunarfræðinga til starfa, eða 19% stöðugilda. Þessar niðurstöður eru sambærilegar því sem komið hafa fram í könnunum um skort á hjúkrunarfræðingum undanfarna áratugi þar sem skorturinn hefur verið á bilinu 10-20%. Samkvæmt spá um mönnun í hjúkrun mun áfram vanta 421 hjúkrunarfræðinga til starfa árið 2021 ef engar breytingar verða á fjölda útskrifaðra hjúkrunarfræðinga, og ekkert verði gert til að halda hjúkrunarfræðingum áfram í starfi. Taka verður fram að í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum í starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga eða á heilbrigðisstofnunum. Stjórnvöld áætla að fjölga hjúkrunarrýmum um allt að 400 á næstu árum og ljóst að til þess að það gangi upp þarf talsverðan fjölda hjúkrunarfræðinga. Jafnframt hefur verið rætt um lengingu á fæðingarorlofi upp í 12 mánuði. Þá kemur fram í svörum frá heilbrigðisstofnunum að þörfin geti verið mun meiri en fram kemur í mati þeirra á áætlaðri þörf. Niðurstöður spár Fíh um þróun mönnunar í hjúkrun eru því taldar frekar varfærnislegar.

<sup>28</sup> [http://www.vinnueftirlit.is/media/upload/files/arsskyrslur/rannsoknir/a\\_vaktinni\\_vidhorf\\_og\\_vaentingar.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/media/upload/files/arsskyrslur/rannsoknir/a_vaktinni_vidhorf_og_vaentingar.pdf)

<sup>29</sup> <https://www.inmo.ie/Article/PrintArticle/7458>; <https://www.theguardian.com/world/2015/sep/17/efficiency-up-turnover-down-sweden-experiments-with-six-hour-working-day>

Það að þúsund hjúkrunarfræðingar á vinnualdri starfa ekki við hjúkrun, að stór hópur starfar erlendis, að ekki er vitað hvar um 8% hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi starfa, auk þess sem hjúkrunarfræðingar eru að meðaltali í 71% starfshlutfalli sýnir að til staðar er hópur hjúkrunarfræðinga í dag sem gæti leyst hluta mönnunarvandans í hjúkrun.

Hjá hinu opinbera eru laun hjúkrunarfræðinga ekki samkeppnishæf til þess að halda hjúkrunarfræðingum í starfi. Byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga eru 359 þúsund og meðaltalslaun um 517 þúsund. Laun opinberra starfsmanna með sambærilega menntun og ábyrgð eru um 20% hærri. Þegar litið er til helstu samstarfsstéttar hjúkrunarfræðinga sem eru læknar er launamunurinn um 98%. Þrátt fyrir mislangt nám telur Fíh að slíkur launamunur sé ekki forsvaranlegur innan heilbrigðiskerfisins. Laun hjúkrunarfræðinga þarf að hækka umtalsvert til að starfið verði eftirsóknarvert og þeir haldist í starfi.



## 6. Tillögur Fíh til að bregðast við mönnunarvanda í hjúkrun

### Nám:

- ✓ Bæta þarf fjármögnun á námi í hjúkrunarfræði við HÍ og HA til að fleiri hjúkrunarfræðingar útskrifist ár hvert.
- ✓ Skoða þarf nýja möguleika til þess að fjölga verknámsplássum fyrir hjúkrunarnema innan heilbrigðisstofnana.
- ✓ Leita þarf leiða til að draga úr brottfalli í námi.

### Halda hjúkrunarfræðingum í starfi

- ✓ Skoða þarf hvað veldur því að hjúkrunarfræðingar hætta að starfa við hjúkrun og leita í önnur störf.
- ✓ Skoða þarf ástæður brottfalls úr námi og hvað gerir það að verkum að ekki skila sér allir hjúkrunarfræðingar sem lokið hafa námi frá HÍ og HA til starfa.
- ✓ Bæta þarf starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga, laun hjúkrunarfræðinga og vinnutíma.

### Laun hjúkrunarfræðinga

- ✓ Hækka þarf laun hjúkrunarfræðinga til að þau séu sambærileg við stéttir með sambærilega menntun og ábyrgð sem starfa hjá hinu opinbera.
- ✓ Skoða þarf leiðir til þess að hækka starfshlutfall starfandi hjúkrunarfræðinga þar sem hjúkrunarfræðingar starfa einungis í 71% starfshlutfalli að meðaltali.

### Vinnuumhverfi

- ✓ Bæta þarf vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga til að þeir haldist í starfi.
- ✓ Bæta þarf mönnun í hjúkrun.
- ✓ Skoða þarf leiðir til þess að gera vaktavinnu meira aðlaðandi.
- ✓ Nú þegar verði tekin upp 36 stunda vinnuvika hjúkrunarfræðinga í vaktavinnu sem fullt starf.
- ✓ Vaktir verði endurskipulagðar og hjúkrunarfræðingar einungis í undantekningartilvikum ráðnir á þrískiptar vaktir.
- ✓ Hjúkrunarfræðingar, sem taka nætur-, helgar- og helgidagavaktir, fái sérstakar greiðslur umfram umsamdar álagsgreiðslur skv. kjarasamningum fyrir þessar vaktir.
- ✓ Sveigjanlegur vinnutími á heilbrigðisstofnunum verði í auknum mæli tekinn upp.
- ✓ Viðurkennt verði að sí- og endurmenntun sé órjúfanlegur hluti starfsins og hluti gæðastjórnunar.
- ✓ Hjúkrunarfræðingum standi handleiðsla til boða til stuðnings vegna eðlis starfsins.

## Viðauki 1. Spurningalisti um mönnun í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum á Íslandi 2016

1. Nafn stofnunar
2. Hvað eru margir hjúkrunarfræðingar í starfi á stofnuninni\*<sup>1</sup>?
3. Hvað eru margir hjúkrunarfræðinemar í starfi á stofnuninni?
4. Hve mörg stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru setin á stofnuninni\*<sup>2</sup>?
5. Hve mörg eru heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga á stofnuninni\*<sup>3</sup>?
6. Hve mörg stöðugildi af setnum stöðugildum hjúkrunarfræðinga eru í fæðingarorlofi, námsleyfi, og veikindum?
  - a. fæðingarorlof
  - b. námsleyfi
  - c. veikindi
7. Hve mörg stöðugildi hjúkrunarfræðinga telur þú þurfa á stofnunina miðað við áætlaða þörf\*<sup>4</sup> fyrir hjúkrunarfræðinga?

**Athugasemdir:** Í þessari könnun eru heilbrigðisstofnanir flokkaðar í flokka, sjúkrahús, heilsugæslu og öldrunarstofnanir. Í þeim tilvikum sem sjúkrahús og heilsugæslustöðvar hafa verið sameinaðar er æskilegt að sundurgreina mönnun hjúkrunarfræðinga á hvorri stofnun fyrir sig. Sé það ekki hægt er nauðsynlegt að komi fram að tölurnar eigi við um heilbrigðisstofnun sem er sameinað sjúkrahús og heilsugæslustöð.

---

\*<sup>1</sup> Hér er átt við fjölda kennitalna hjúkrunarfræðinga sem er á launaskrá. Ef stofnun er staðsett á fleiri en einum stað er æskilegt að fá fram svörin sundurgreind skv. því.

\*<sup>2</sup> Hér er átt við heimiluð/reiknuð stöðugildi hjúkrunarfræðinga skv. fjárhagsáætlun. Ef stofnun er staðsett á fleiri en einum stað er æskilegt að fá fram svörin sundurgreind skv. því.

\*<sup>3</sup> Hér er átt við stöðugildi hjúkrunarfræðinga á launaskrá, þ.m.t. hjúkrunarfræðinga í barnsburðar-, náms- og veikindaleyfum. Ef stofnun er staðsett á fleiri en einum stað er æskilegt að fá fram svörin sundurgreind skv. því.

\*<sup>4</sup> Með áætlaðri þörf er átt við faglegt mat hjúkrunarforstjóra á þörf fyrir hjúkrunarfræðinga til starfa m.v. starfsemi stofnunar, e.t.v. byggt á niðurstöðu sjúklingaflokkunar. Hér er beðið um mat á þörf á heildarfjölda stöðugilda hjúkrunarfræðinga á stofnuninni (þ.e.a.s. heimiluð stöðugildi að viðbættum þeim fjölda sem þarf til að mæta þörf).

## Viðauki 2. Heilbrigðisstofnanir sem tóku þátt í könnun um mönnun í hjúkrun

Viðsemjandi	Stofnanir
Sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla	Landspítali Sjúkrahúsið á Akureyri Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins Heilbrigðisstofnun Austurlands Heilbrigðisstofnun Norðurlands Heilbrigðisstofnun Suðurlands Heilbrigðisstofnun Suðurnesja Heilbrigðisstofnun Vestfjarða Heilbrigðisstofnun Vesturlands Sólvangur
Reykjalundur Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu	Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili Dalbær, heimili aldraðra Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili Mörk hjúkrunarheimili Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili Eir, hjúkrunarheimili Skjól, hjúkrunarheimili Fellsendi, dvalar- og hjúkrunarheimili Heilsustofnun NFLÍ Hornbrekka, hjúkrunar- og dvalarheimili Hrafnista Nesvöllum Hrafnista Reykjavík Hrafnista Kópavogi Hrafnista Hlévangi Hrafnista Hafnarfirði Ísafold Kumbaravogur/Fell Krabbameinsfélagið Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili Múlabær/Hlíðabær SÁÁ Sjálfsbjargarheimilið Skógarbær Sóltún Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili
Sveitarfélög	Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi Fellaskjól, hjúkrunar- og dvalarheimili Grenilundur, sambýli aldraðra Heilbrigðisstofnun Suðausturlands Hjallatún, dvalarheimili Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð Hraunbúðir, hjúkrunar- og dvalarheimili Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili Klausturhólar, hjúkrunarheimili Naust, dvalarheimili Roðasalir, hjúkrunarheimili Silfurtún, dvalarheimili Sæborg, dvalarheimili
Reykjavíkurborg	Droplaugastaðir, hjúkrunarheimili Seljahlíð, hjúkrunarheimili, þjónustuíbúðir Reykjavík, velferðarsvið